

Alþingi  
Erindi nr. P 139/614  
komudagur 2.12.2010



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2.12. 2010  
Tilvísun: 201011-0062

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum, 246. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla þar sem mælt er fyrir um fjölgun héraðsdómara og hæstaréttardómara til að bregðast við því aukna álagi sem orðið hefur á síðustu tveimur árum á dómstóla landsins.

Alþýðusamband Íslands gerir engar athugasemdir við samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Dalla Ólafsdóttir', written over a horizontal line.

Dalla Ólafsdóttir  
Lögfræðingur


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2010

**Umsögn Ákærendafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010–2011 246. mál.**

Ákærendafélag Íslands telur mjög mikilvægt að dómstólar verði eflir til að mæta auknum málþunga og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti.

F.h. Ákærendafélags Íslands



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Dómarafélag Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 139/682  
komudagur 3. 12. 2010

Reykjavík, 3. desember 2010

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.


Með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, 26. nóvember sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og fagnar því að brugðist sé við auknu álagi sem orðið hefur á síðustu tveimur árum á dómstóla landsins, með fjölgun héraðs- og hæstaréttardómara.

Stjórn Dómarafélags Íslands leggur jafnframt áherslu á nauðsyn þess að löglærðum aðstoðarmönnum og riturum verði fjölgað við dómstólana. Þá er það mat stjórnar DÍ að ef bregðast á með heildstæðum hætti við því mikla viðbótarálagi sem dómstólar standa nú frammi fyrir, ekki síst því mikla álagi sem Hæstiréttur stendur frammi fyrir, væri stofnun millidómstigs mikilvægur liður í þeirri heildstæðu lausn. Með stofnun millidómstigs væri tryggð sönnunarfærsla á tveimur dómstigum, og tryggt væri að til Hæstaréttar bærust aðeins viðamestu málin, þar sem þörf er á túlkun laga, mál sem eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða mál til endurskoðunar viðurlaga. Mál sem vörðuðu minni hagsmuni, sem og kærumál bærust til millidómstigs, þar sem þeim lyki, í allflestum tilvikum.

Virðingarfyllt,

f.h. Dómarafélags Íslands,

  
Ingveigur Einarsdóttir, formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 139/ 872  
komudagur 8.12.2010

---

Tillögur að styrkingu dómstóla til þess  
að mæta auknu álagi vegna  
efnahagshrunsins.

---

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið

Nóvember 2010

## Yfirlit

1.0	Inngangur .....	3
2.0	Samantekt - tillögur .....	4
3.0	Forsendur tillagna.....	4
3.1.	Málafjöldi hjá dómstólum .....	4
3.2.	Fjárhagslegar forsendur .....	6
3.3.	Mannauður .....	6
3.4.	Annað .....	6
4.0	Ráðstafanir/tillögur .....	6
4.1	Tímabundin fjölgun dómara í Hæstarétti og við héraðsdóm .....	6
4.2.	Sameining héraðsdómstólanna .....	8
4.3.	Auknar heimildir aðstoðarmanna héraðsdómara til að ljúka málum .....	10
4.4.	Millidómstig.....	10
4.5.	Hækkun dómsmálagjalda .....	11
4.5.	Hækkun áfrýjunarfjárhæðar .....	12

## 1.0 Inngangur

Þann 26. apríl 2010 skrifaði dómsmála- og mannréttindaráðuneytið Hæstarétti Íslands og dómstólaráði bréf þar sem vakin var athygli á því að ýmsir aðilar hafi varað við þeirri þróun að dómstólar muni þurfa að takast á við aukinn málafjölda, í áður óþekktum mæli, hvort heldur litið er til héraðsdómstólanna eða Hæstaréttar. Dómstólaráð, Hæstiréttur Íslands og Lögmannafélagið hafi ítrekað lýst áhyggjum sínum af þessari þróun mála og þeirri fjölgun dómsmála sem fyrirsjáanleg er í náninni framtíð. Sífellt væru gerðar auknar kröfur til dómstólanna, svo sem um sjálfstæði þeirra, óhlutdrægni, gæði úrlausna, skilvirkni og afköst. Í bréfinu var þeirri fyrirspurn komið á framfæri við dómstólaráð og Hæstarétt hvort hugað hafi verið að því að gerði yrði reglubundin könnun á álagi á dómstólunum svo unnt sé að meta á hvern hátt best sé að takast á við þessa þróun.

Með bréfum dags. 10. maí og 17. maí sl. sendu Hæstiréttur Íslands og dómstólaráð ítarlegar upplýsingar um málstöðu hjá dómstólunum.<sup>1</sup>

Þann 18. maí sl. samþykkti ríkisstjórnin að fela ráðuneytisstjórum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis að meta nauðsynlegar fjárveitingar til þess að styrkja stöðu dómstólanna í ljósi aukins málafjölda vegna bankahrunsins. Var þetta hluti af stærra verkefni ráðuneytisstjóranna sem tengist m.a. umfangi mála hjá sérstökum saksóknara, fjármálaeftirlits og fleiri þátta sem lúta að réttarvörslukerfinu og þeim sviptingum sem verða á vettvangi þess vegna hruns fjármálakerfisins.

Þáv. dómsmálaráðherra átti fund með fltr. Hæstaréttar og dómstólaráðs ásamt embættismönnum 24. júní sl. um aukið álag á dómstólum og hvað sé fyrirsjáanlegt í þeim efnum. Var á þeim fundi rædd nauðsyn þess að fá sem skýrasta yfirsýn yfir mögulegan málafjölda sem myndi berast dómstólunum. Var ákveðið að hefja óformlegt samráð ráðuneytisins með þessum aðilum auk Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands.

Á fundi sem fulltrúar alþjóða gjaldeyrissjóðsins áttu með þáv. dómsmálaráðherra 28. júní sl. lýstu þeir áhyggjum sínum yfir mögulegri teppu hjá dómstólunum vegna aukins málafjölda og að erfitt væri að veita auknu fjármagni til dómstólana á niðurskurðartímum.

Ráðuneytisstjórnir þrjár hittu formann dómstólaráðs Símon Sigvaldason, varaformann ráðsins og dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur Helga I. Jónsson, Ingibjörgu Benediktsdóttur forseta Hæstaréttar Íslands og Þorstein A. Jónsson skrifstofustjóra réttarins ásamt embættismönnum 5. júlí 2010, þar sem kynntar voru niðurstöður könnunar á formanns dómstólaráðs á málstöðu hjá slitastjórnnum, skiptastjórnnum, sérstökum saksóknara, efnahagsbrotadeild og ríkissaksóknara sbr. bréf hans dags. 30. júní sl<sup>2</sup>. Var á fundinum rætt um að leitað yrði allra leiða til þess að kanna möguleika á fjölþættum úrbótum innan dómstólanna til þess að mæta auknu álagi.

Fulltrúar dómsmálaráðuneytisins hafa síðan átt nokkra fundi með fulltrúum Hæstaréttar Íslands og dómstólaráðs auk fltr. Lögmannafélags Íslands auk þess sem fulltrúar Dómarafélag Íslands voru boðaðir á tvo síðustu fundi samráðshópsins, í ágúst og október sl. Hefur verið unnið að því að greina hvernig megi bregðast með heildstæðum hætti við því mikla viðbótarálagi sem dómstólar standa frammi fyrir vegna hrunsins.

---

<sup>1</sup> Sjá fylgiskjal 1

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal 2

Eftirtaldir aðilar hafa komið að framangreindu samstarfi: Ingibjörg Benediktsdóttir forseti Hæstaréttar Íslands, Þorsteinn A Jónsson skrifstofustjóri Hæstaréttar Íslands, Helgi I Jónsson dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur og varaformaður dómstólaráðs, Símon Sigvaldason formaður Dómstólaráðs, Brynjar Níelsson formaður Lögmannafélags Íslands, Ingveldur Einarsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir frá Dómarafélagi Íslands, Þórunn J. Hafstein settur ráðuneytisstjóri í DMR, Bryndís Helgadóttir skrifstofustjóri lagaskrifstofu DMR, Haukur Guðmundsson skrifstofustjóri dómstóla og löggæsluskrifstofu DMR, Jón Magnússon skrifstofustjóri rekstrarskrifstofu DMR og Jakob Magnússon rekstrarskrifstofu DMR.

Í samantekt þessari er að finna heildstæðar tillögur til úrbóta innan dómstólanna til þess að mæta auknu álagi auk leiða til þess að fjármagna þær úrbætur.

Niðurstöður þessa óformlega samráðs verða kynntar ráðuneytisstjórum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis til undirbúnings kynningu í ríkisstjórn.

## 2.0 Samantekt - tillögur

Ljóst er að dómstólarnir standa frammi fyrir mjög stóru verkefni og að leggjast þarf duglega á áramar eigi þeir að standast álagið næstu misserin. Framangreindum markmiðum verður best náð með því að líta heildstætt á starfsumhverfi dómstóla og alla kosti sem fyrir hendi eru til þess að standa vörð um framgang mála fyrir dómstólum.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld og löggjafinn taki með heildstæðum hætti á þeim vanda sem stóruaúkun málaþungi hjá dómstólunum mun hafa í för með sér. Því eru hér settar fram tillögur af ólíkum toga sem saman er ætlað að gera dómstólunum kleift að rækja hlutverk sitt.

Tillögur okkar eru eftirfarandi:

1. Lögfest verði heimild til að fjölga dómurum Hæstaréttar og héraðsdómurum og öðru starfsliði tímabundið og taki fjölgunin mið af því álagi sem dómstólarnir verða raunverulega fyrir.
2. Héraðsdómstólar verði sameinaðir í einn, en með því myndi kostnaður minnka vegna yfirstjórnar og húsnæðis auk tækjabúnaðar og mannahalds. Um leið myndu starfskraftar dómara nýtast betur með því að þeir yrðu ekki hver um sig bundnir við tiltekinn dómstól, heldur gætu þeir starfað við héraðsdóm hvar sem er á landinu.
3. Heimildir löglærðra aðstoðarmanna héraðsdómara til að fara með og ljúka málum verði auknar.
4. Hugað verði nú þegar að stofnun millidómstigs í sakamálum og miðað við að ákvörðun þar að lútandi verði tekin á þessu ári.
5. Gjaldtaka vegna þingfestingar mála verði samræmd og gjaldtaka af stærri ágreiningsmálum varðandi skiptamál tekin upp.

## 3.0 Forsendur tillagna

### 3.1. Málafjöldi hjá dómstólum

Hjá Hæstarétti Íslands og dómstólaráði er reglubundið fylgst með þróun málafjölda og álagi á dómstóla. Mikilvægt er að hafa í huga að málátölur segi ekki nema takmarkaða sögu vegna þess hve vægi mála er misjafnt m.t.t. flókinna úrlausnarefna og umfangs.

Skráðum málum við Hæstarétt Íslands hefur fjölgað um 57% frá árinu 2003 og hafa skráð mál aldrei verið fleiri en á árinu 2009 eða 782, fjölgunin frá árinu á undan er rúm 12%. Á árinnum 2003 – 2009 var fjöldi dóma í munnlega fluttum málum við Hæstarétt að meðaltali 287. Hæstiréttur telur ekki raunhæft að unnt sé að fjölga munnlega fluttum málum við réttinn að óbreyttum dómara fjölda.

Eftir hækkun dómsmálagjalda í árslok 2009 hefur smæstu einkamálunum fækkað nokkuð. Þá náðist töluverður árangur við að fækka einföldustu ákærumálum, einkum á sviði umferðarmála, með því að heimila lögreglustjórum að ljúka þeim með sektum án ákæru. Þannig hefur allra einföldustu dómsmálunum fækkað töluvert, en allt að einu blasir við að málþungi dómstólanna er að vaxa mikið við mikla fjölgun stærri mála. Í byrjun desember var samþykkt frumvarp um fjölgun héraðsdómara um fimm auk aðstoðarmanna einkum m.t.t. til fyrirsjáanlegrar fjölgunar mála annars vegar sakamála vegna efnahagsbrota í kjölfar stofnunar embættis sérstaks saksóknara og hins vegar vegna aukins fjölda einkamála, þar meðtalin kærumál vegna slita fjármálafyrirtækja sem séu mörg hver afar flókin og umfangsmikil og tengjast uppgjöri hinna föllnu banka, gjaldþrotaskiptum fyrirtækja, riftunarmálum þrotabúa o.s.frv. Til viðbótar hefði dómstólum verið falið mikilvægt hlutverk við gerð nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Það er mat dómstólaráðs að þessi fjölgun héraðsdómara muni hvergi duga til þess að ráða við fyrirsjáanlegt viðbótarálag.

Nefnir dómstólaráð að vegna umfangsmikilla sakamála frá embætti sérstaks saksóknara þurfi að hafa fjölskipan dóm í mörgum málum og hafi það í för með sér að önnur mál verði að víkja og að málatími muni því lengjast jafnvel að mun.

Miklum fjármunum er þegar varið til rannsókna sakamála tengdum efnahagshruninu sem munu væntanlega koma til kasta dómstóla.

Við þá tillögugerð sem hér um ræðir hefur verið gengið út frá ákveðnum forsendum um viðbótarálag og hvernig reikna má með að það dreifist á næstu fjögur ár.

Hefur þá verið aflað upplýsinga um þann aukna málafjölda sem þegar er kominn fram hjá héraðsdómstólum auk áætlana um fjölda mála frá sérstökum saksóknara og slitastjórnnum stóru bankanna þriggja<sup>3</sup>.

Það viðbótarálag sem reikna má með að dómstólarnir standi frammi fyrir mun dreifast yfir tíma og lenda að langmestu leyti á Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti.

Fyrirsjáanlegt er að ágreiningsmál frá slitastjórnunum vegna krafna í þrotabú, einkum þrotabú fjármálafyrirtækja (svokölluð X-mál) munu vera mikil að umfangi og berast héraðsdómi hratt. Þessi tegund mála varða oft flókin lögfræðileg álitaefni og varða mörg hver mikla samfélagslega og þjóðhagslega hagsmuni. Í þessum málum er t.a.m. fjallað um ágreining er varðar lögmæti neyðarlaganna svokölluðu, launakröfur starfsmanna gömlu bankanna, tryggingar eigenda bankainnistæðna í Hollandi og Bretlandi o.s.frv. Málsskjöl í þessum málum eru mörg hundruð blaðsíður.

Hafa Héraðsdómi Reykjavíkur, frá 1. janúar 2009, borist 637 slík mál og er 500 þeirra ólokið. Munu mál af þessum toga koma fyrir héraðsdóm að fullum þunga á árinu 2011 og meðferð þeirra standa yfir fram eftir ári 2012. Mál þessi munu koma fyrir Hæstarétt af fullum þunga frá og með upphafi ársins 2011. Þá er stöðugur straumur munnlega fluttra einkamála til Héraðsdóms Reykjavíkur sem náði sögulegu hámarki á sl. ári, 1077 mál. Mörg þessara mála eru mjög umfangsmikil þannig að fjölskipa

<sup>3</sup> Um nánari upplýsingar um mat á viðbótarálagi vísast til fylgiskjals 3



þarf dóm í þeim. Mál frá sérstökum saksóknara munu berast jafnar og yfir lengra tímabil. Sumarið 2010 hefur einungis eitt slíkt mál verið þingfest fyrir héraðsdómi. Fyrirsjáanlegt er að fjölskipa þarf dóm í mörgum þessara mála sem gerir það að verkum að dómarar í þeim geta ekki sinnt öðrum málum svo mánuðum skiptir. Má sem dæmi nefna að aðalmeðferð í þyngstu málunum mun taka fjórar til sex vikur og dómasamning tvo til þrjá mánuði. Ekkert mál af því tagi er komið til dómstóla og mun það fyrsta í þeim flokki væntanlega koma á árinu 2011. Þessi mál munu síðan dreifast yfir tíma fram til ársins 2013 til 2014. Þessar forsendur gefa færi á því að skoða hvaða svigrúm sé fyrir hendi til að stofna millidómstig í sakamálum þar sem hin stóru sakamál munu væntanlega ekki koma til kasta Hæstaréttar fyrr en í lok ársins 2011 eða í byrjun árs 2012.

### **3.2. Fjárhagslegar forsendur**

Aðhald í ríkisútgjöldum krefst þess að leita þarf annarra leiða til þess að leysa vanda dómstólanna á annan hátt en eingöngu með hækkun fjárframlaga úr ríkissjóði. Er því lögð áhersla á að ná fram allri mögulegri hagræðingu þannig að sem allra mest afköst náist út úr rekstrarfé dómstólanna auk þess sem lagt er til að þeir sem reka umfangsmikil einkamál um fjárhagsmálefni fyrir dómstólunum standi að verulegu leyti undir auknum kostnaði með aukinni gjaldtöku. Er þannig litið til þess að viðbótarútgjöld vegna styrkingar innan dómstólanna fjármagnist því sem næst alfarið með hækkun dómsmálagjalda. Þá hefur einnig komið til umræðu hækkun áfrýjunarfjárhæðar fyrir Hæstarétti.

Þá er afar brýnt að uppgjöri þeirra mála sem komið hafa til kasta dómstólanna í kjölfar hruns íslenska efnahagskerfisins verði hraðað þannig að mál tefjist ekki fyrir dómstólum með tilheyrandi kostnaðarauka, einkum vegna vaxta af lánunum sem tengd eru hinum föllnu bönkum.

### **3.3. Mannauður**

Ekki er unnt að ganga út frá því að stór hópur af mjög vel hæfum umsækjendum um embætti dómara sé fyrir hendi vegna launakjara dómara. Það eykur enn á nauðsyn þess að við lausn málsins sé lögð áhersla á aðrar leiðir en eingöngu fjölgun dómara. Í þessu sambandi má nefna mikilvægi þess að efla stjórnýslu dómskerfisins bæði skrifstofu Hæstaréttar og skrifstofu dómstólaráðs þ.m.t. að ljúka gerð sameiginlegrar málaskrár dómstóla hið fyrsta.

### **3.4. Annað**

Þrátt fyrir að gengið hafi verið eins langt og unnt er við að kortleggja væntanleg viðbótarverkefni dómstóla vegna hrunsins er enn töluverð óvissa um umfangið. Því er nauðsynlegt að ráðstafanir feli í sér nokkurn sveigjanleika, svo viðbrögðin verði í samræmi við það sem þörf krefur.


Bæði héraðsdómstólar og Hæstiréttur hafa orðið fyrir miklu álagi í formi sífellt fleiri og þyngri ágreiningsmála undanfarin ár. Áður en hrun bankakerfisins varð til þess að auka mjög málaþunga voru komnar fram tillögur sem byggðu á þörf fyrir nokkra fjölgun dómara í héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti. Því er talið útilokað að unnt verði að mæta auknu álagi með meiri afköstum þar.

## **4.0 Ráðstafanir/tillögur**

### **4.1 Tímabundin fjölgun dómara í Hæstarétti og við héraðsdóm**

Lagt er til að lögfest verði tímabundin heimild til að fjölga héraðsdómurum um allt að 10. Miðað verði við að 5 komi til starfa í upphafi árs 2011 en frekari fjölgun kemur til með að byggjast á álagsmati um mitt ár 2011. Einnig þarf að fjölga aðstoðarmönnum um tvo og dómriturum um tvo.

### Áætlun dómstólaráðs um fjölgun dómara á næstu 5 árum



- Fyrir 2010 var fjöldi stöðugilda héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 21 en fjölgaði á því ári um þrjú þannig að héraðsdómarar urðu 24. Á árinu 2010 fjölgaði X-málum við dómstólinn mikið og verða þau nærri 600 undir lok ársins. Fjórum stöðugildum hefur verið ráðstafað til að sinna þessum málum og hefur aukinn málþungi í einkamálum alfarið bæst á starfandi dómara. Forsendur fyrir auknum fjölda stöðugilda dómara einkum til að sinna X-málum eru þessar:
  - Áætlað er að um 1.500 X-mál berist dómnum á næstu tveim árum. Ágreiningsefni eru að einhverju leyti samhljóða. Áætla má að 500 þeirra séu þess eðlis að leysa þurfi úr þeim frá grunni. Mál þessi eru öll viðamikil og flókin í meðförum.
  - Að jafnaði er úthlutun einkamála þannig að 2/3 hlutar úthlutaðra mála falla í þann flokka að vera viðamikil og flókin úrlausnar. Þá er miðað við að í lok árs 2010 hafi hver dómari fengið úthlutað 85 einkamálum.
  - Út frá þessum forsendum má miða við að þau 500 X-mál, sem munu vera til meðferðar á árinu 2011 og fram á árið 2013 samsvari 6 stöðugildum dómara í þessi riflega 2 ár.
- Forsendur fyrir fjölgun stöðugilda dómara til að sinna málum sérstaks saksóknara eru þessar:
  - Samkvæmt upplýsingum frá sérstökum saksóknara er málum þaðan skipt í 3 styrkleikaflokka. Má reikna með að þessum málum verði ekki lokið fyrr en á árinu 2014 eða 2015.
  - Í 1. flokki eru þyngstu málin. Munu frá og með árinu 2011 koma 3 slík mál á ári. Áætla má að aðalmeðferð í slíku máli taki 6 vikur samfellt. Aðalmeðferð í 3 málum mun því taka 4 og hálfan mánuð. Þá má reikna með að það taki 6 vikur að semja dóm í hverju hinna þriggja mála. Til samans er um að ræða 5 mánaða vinna við dómasamningu. Aðalmeðferð og dómasamning í 3 málum tekur því 9 og hálfan mánuð. Þá er gengið út frá því að dómur verði fjölskipaður, sem þýðir að 2 embættisdómendur hið minnsta taka þátt í aðalmeðferð. Út frá þessum forsendum og að teknu tilliti til sumarleyfa og annarra leyfa um hátiðar má reikna með að 2 stöðugildum dómara þurfi á ári til að sinna málum í 1. flokki.
  - Miðað er við að 6 mál í 2. flokki berist á ári. Í þeim málum má reikna með aðalmeðferð í 2 vikur í hverju máli. Út frá því má miða við að aðalmeðferð í þessum 6 málum taki 3 mánuði. Dómasamning tekur væntanlega 4 vikur í hverju máli, sem þýðir að það tekur 6 mánuði að semja dómanna. Til samans eru þetta 9 mánuðir. Í einhverjum málum yrði fjölskipaður dómur og dómara því tveir í aðalmeðferðinni. Áætla má að það fari 1.5 stöðugildum dómara á ári í mál í þessum flokki.
  - Miðað er við að 18 mál í 3. flokki berist á ári. Í þeim málum má reikna með aðalmeðferð í 1 viku í hverju máli. Út frá því má miða við að aðalmeðferð í þessum 18 málum taki 4 og hálfan mánuð.

*Dómasamning tekur væntanlega 3 vikur í hverju máli, sem þýðir að það tekur 14 mánuði að semja dómana. Til samans eru þetta 18 og hálfur mánuður. Einhver mál yrðu fjölskipuð og dómara þvi tveir í aðalmeðferðinni. Áætla má að það fari 3 stöðugildi dómara á ári í mál í þessum flokki.*

Þá er lagt til að lögfest verði heimild til að fjölga hæstaréttardómurum tímabundið um 3 frá 1. janúar 2011. Þá verði tveimur aðstoðarmönnum og hálfum skrifstofumanni bætt við starfslið dómsins.

Þegar allar þessar heimildir verða fullnýttar, leiðir það til 220 milljón króna viðbótarútgjalda á ári, m.v. fjárveitingu ársins 2010<sup>4</sup>. Þennan kostnað væri unnt draga saman á nýjan leik um leið og það byrjar að hægjast um hjá dómstólunum. U.þ.b. 2,5 dómara eru í hverjum árgangi á aldrinum á milli sextugs og sjötugs og lætur því nærri að unnt verði að fækka dómurum niður í sama fjölda á ný á fimm árum eftir að fyrst fer að draga úr álagi, með því einu að skipa ekki í stað þeirra sem láta af störfum vegna aldurs. Þessar fjölganir munu kalla á aukid húsnæði hjá héraðsdómi Reykjavíkur, en þegar liggja fyrir tillögur um hvernig mætti leysa þau húsnæðismál þ.e. með því að taka viðbótarhúsnæði á leigu í nærliggjandi húseign við dómstólinn. Einnig þarf að huga að frekara húsnæði vegna skorts á dómsölum. Gert er ráð fyrir að hús Hæstaréttar rúmi þá viðbót sem þar um ræðir.

- **Tillaga: Lögfest verði heimild til að fjölga dómurum Hæstaréttar um allt að þrjú frá 1. janúar 2011 aðstoðarmönnum dómara um tvo og að auki bætt við hálfu stöðugildi skrifstofumanns. Héraðsdómurum verði fjölgað um 5 frá 1. janúar 2011 og hugsanlega um aðra 5 síðar. Jafnframt verði öðru starfsliði verði fjölgað tímabundið og taki fjölgunin mið af því álagi sem dómstólarnir verða raunverulega fyrir. Gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja nauðsynlegt viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.**

#### 4.2. Sameining héraðsdómstólanna

Á löggjafarþingi 2009-2010 lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga með það að markmiði að sameina héraðsdómstóla landsins, sem nú eru átta að tölu, í einn.<sup>5</sup> Frumvarpið var ekki afgreitt af þinginu. Að baki þessum áformum lá tillaga dómstólaráðs í þá veruna. Markmið með sameiningu dómstóla voru einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi að nýta betur þann mannafla er dómstólarnir hafa nú yfir að ráða, en í öðru lagi átti sameiningin að leiða til fjárhagslegrar hagræðingar. Að því er fyrra markmiðið varðar liggur fyrir að héraðsdómstólarnir átta búa við mjög mismunandi mikið álag.

	Vesturl	Vestfj	N-V	N-Ey	Aust	Suðurl	R-nes	Rvk.	
<b>Einkamál, þingfest</b>	297	95	92	318	168	485	2336	5931	
<b>Einkamál, munnlega flutt</b>	26	8	11	35	9	43	191	713	
<b>Sakamál</b>	348	47	96	283	93	447	795	654	
<b>Ákærumál, alls</b>	138	19	77	225	41	226	357	418	
<b>Ákærumál frá lögr./sýslum.</b>	135	11	75	211	39	214	304	336	
<b>Ákærumál frá ríkislögreglustj.</b>	0	0	1	0	0	1	8	14	
<b>Ákærumál frá ríkissaksóknara</b>	3	8	1	14	2	11	45	65	

<sup>4</sup> Um nánari útreikninga á viðbótarkostnaði og viðbótaskjöldum vísast til fylgiskjals 4: Minnisblað rekstrarskrifstofu DMR dags. 15.07.2010

5 Þskj. 104—100. mál. 138. löggjafarþingi 2009–2010

<b>Ákærumál frá sérst. saksókn.</b>	0	0	0	0	0	0	0	2	
<b>Gjaldprotaskiptabeiðnir</b>	49	32	18	97	22	140	562	727	
<b>Rannsóknarúskurðir</b>	66	8	2	47	5	45	490	366	
<b>Ágreiningsmál v/ gjaldþr.sk.</b>	1	0	1	6	2	2	17	532	
<b>Samtals.</b>	<b>1063</b>	<b>228</b>	<b>374</b>	<b>1236</b>	<b>381</b>	<b>1614</b>	<b>5105</b>	<b>9758</b>	
<b>Fjöldi dómara</b>	1	1	1	3	1	3	9	21,5	<b>40,5</b>
<b>Fjöldi mála pr dómara</b>	1063	228	374	412	381	538	567	453	<b>Meðalt 502</b>

Þá búa héraðsdómarar á einmenningsdómstólunum við það að þurfa að sinna öllum tegundum mála þar sem sjaldan reynir á suma málaflokka. Af þessu leiðir mikið óhagræði í starfi

Dómarafélag Íslands hefur bent á að nú þegar er unnt að jafna álagi á milli héraðsdómstólanna án þess að sameina þá, sbr. heimild dómstólaráðs í 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Skv. ákvæðinu eru heimildir dómstólaráðs tvenns konar um þessi efni; annars vegar heimild til þess að taka ákvörðun um fast sæti eða fastan starfsvettvang dómara, sbr. 1.–5. mgr. greinarinnar, og hins vegar heimild til þess að ákveða að fela dómara að starfa að tilteknu dómsmáli við annan dómstól en þar sem hann hefur fastan starfsvettvang, sbr. 6. mgr. Eftir atvikum mætti skerpa á þessari heimild í lögnum að mati Dómarafélagsins. Félagið tekur þó fram og áréttar að þrátt fyrir þessa athugasemd leggist félagið ekki gegn sameiningu dómstólanna, en leggur þó áherslu á að nákvæm kostnaðargreining verði að fara fram á því hvort verulegur fjárhagslegur ávinningur leiði af sameiningunni, sem og úttekt á því til hversu mikillar hagræðingar í starfi hún leiddi.

Fyrir liggur gróft mat dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins á þeim ávinningi sem fælist í því að reka héraðsdóm sem eina stofnun, en við það er miðað að við framlagningu málsins á nýjan leik verði lögð fram nákvæmari kostnaðargreining<sup>6</sup>.

Talið er að með því að hafa einn dómstjóra í stað þess að deila 2,15 stöðugildum á átta dómstjóra sparist rúmlega 6 millj. kr. á ári.

Með því að vera með bakvaktir á tveimur stöðum á landinu í einum sameinuðum héraðsdómi myndu sparast rúmlega 20 millj. kr. til viðbótar á ári.

Mesti ávinningurinn af þessum breytingum fælist þó, eins og áður sagði, í því að unnt væri að fela reyndum héraðsdómurum á þeim stöðum þar sem álagið er minnst, fleiri mál. Munurinn árið 2008 var í sumum tilvikum meira en tvöfaldur á milli einstakra dómstóla árið 2008 og hefur líklega vaxið töluvert síðan.

Því er lagt til að farið verði yfir frumvarpið m.t.t. þeirra athugasemda sem fram komu við umræður um það, einkum um stjórnsýslu dómstólanna og stöðu dómstólaráðs. Það verði svo endurflutt og stefnt að gildistöku þess sem fyrst.

- **Tillaga: Héraðsdómstólar verði sameinaðir í einn, en með því myndi kostnaður minnka vegna yfirstjórnar og húsnæðis auk tækjabúnaðar og mannahalds. Um leið myndu starfskraftar dómara nýtast betur með því að þeir yrðu ekki hver um sig bundnir við**

**tiltekinn dómstól, heldur gætu þeir starfað við héraðsdóm hvar sem er á landinu. Haft verði samráð við dómstólaráð og dómstjóra um innleiðingu breytinganna.**

#### **4.3. Auknar heimildir aðstoðarmanna héraðsdómara til að ljúka málum**

Með gildistöku núgildandi dómstólalaga voru stöður dómarafulltrúa lagðar niður, en valdheimildir þeirra höfðu verið þrengdar mjög eftir dóm Hæstaréttar frá 18. maí 1995 þar sem talið var að meðferð dómarafulltrúa á mikilvægum dómsmálum væri brot á ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Dómarafulltrúar framkvæmdu dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls. Aðstoðarmenn dómara hafa nú komið í þeirra stað, en um starfssvið þeirra er lítt fjallað í dómstólalögum. Eru þeir héraðsdómurum til aðstoðar og geta þannig innt af hendi ýmis verk við undirbúning og framkvæmd þinghalda og meðferð einstakra mála. Þá hafa þeir í framkvæmd áritað áskorunarstefnur í umboði héraðsdómara/dómstjóra, en í frumvarpi til dómstólalaga er gert ráð fyrir að dómstólaráð og héraðsdómstólarnir hafi svigrúm til að móta stefnuna í þessum efnum.

Bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi er það skilyrðislaus krafa að dómstólar sem stofnanir og dómendur sem persónur skuli njóta sjálfstæðis. Dómarar eiga þannig að vera sjálfstæðir í starfi sínu og njóta enn fremur öryggis í starfi. Þessu til viðbótar verða dómstólar að vera þannig að skipan að ekki sé unnt að draga í efa sjálfstæði þeirra út frá fyrrgreindum sjónarmiðum.

Í framangreindu frumvarpi dómsmálaráðherra um sameiningu dómstóla á 138. löggjafarþingi var lögð til breyting á dómstólalögum að því er varðaði heimildir aðstoðarmanna til að ljúka málum og að starfsheimildir aðstoðarmanna yrðu færðar í sama horf og gildi um dómarafulltrúa eftir lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, eins og þeim var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995. Var í frumvarpinu lagt til að lagt til að veittar yrðu rýmri heimildir um starfssvið aðstoðarmanna héraðsdómara en nú gilda skv. 17. gr. laga um dómstóla með því að aðstoðarmönnum verði veitt vald til að gegna í takmörkuðum mæli dómstörfum í eigin nafni, en í umboði og á ábyrgð dómstjóra og undir boðvaldi hans. Samkvæmt frumvarpinu gæti dómstjóri falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamálum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Samkvæmt frumvarpinu ber dómstjóri ábyrgð á störfum aðstoðarmanns og getur gefið honum fyrirmæli um hvað eina sem lýtur að rækslu þeirra. Hugmyndir hafa komið fram um að auka megi heimildir aðstoðarmanna frekar en hér er lýst, t.d. kæmi til álita að fela aðstoðarmönnum að fara með og leysa úr tilteknum einkamálum er varða hagsmuni undir ákveðinni fjárhæð. Heimildin yrði bundin við ákvörðun dómstjóra.

Hér er lagt til að aðstoðarmönnum héraðsdómara verði veittar rýmri starfsheimildir svo sem gert var ráð fyrir í framangreindu frumvarpi dómsmálaráðherra. Með þessari tillögu næst fram nokkur sparnaður í launakostnaði þar sem aðstoðarmenn eru ódýrari starfsmenn en dómarar. Hitt skiptir þó ekki minna máli að með þessari breytingu verður unnt að fela vörnum héraðsdómurum í auknum mæli að einbeita sér að úrlausn vandasamari dómsmála.

- **Tillaga: Heimildir löglærðra aðstoðarmanna héraðsdómara til að fara með og ljúka málum verði auknar.**

#### **4.4. Millidómstig**

Í desember 2006 ritaði dómstólaráð dómsmálaráðherra bréf þar sem lagt var til að á fót yrði komið millidómstigi þar sem leyst yrði úr sakamálum. Skipaði ráðherra nefnd, í lok árs 2007, sem ætlað var að fjalla um hvernig tryggja mætti sem best milliliðalaus sönnunarfærslu í meðferð sakamála. Einkum var nefndinni ætlað að veita álit sitt á því hvort setja ætti á fót millidómstig þar sem einungis yrði leyst úr sakamálum. Nefndin skilaði skýrslu sinni í október 2008. Lagði nefndin til að slíku

millidómstigi yrði komið á hér á landi þar sem fram færi sönnunarfærsla í sakamáli á nýjan leik. Væri margt sem benti til þess að núverandi fyrirkomulag um sönnunarfærslu fyrir Hæstarétti Íslands bryti gegn meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu og gengi í berhöggi við 2. gr. 7 samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir að dómendur á millidómstigi yrðu 6.

Stjórnir Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Ákærendafélags Íslands hafa hvatt til stofnunar millidómstigs og benda á að stofnun þess auki skilvirkni dómskerfisins. Hæstiréttur Íslands myndi fjalla um viðamestu málin, þar sem þörf er á túlkun laga, mál sem eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða mál til endurskoðunar viðurlaga. Þá er enn fremur bent á að með þessu móti náist mikilvægar úrbætur varðandi milliliðalausa sönnunarfærslu á báðum dómstigum, og endurmat á sérfræðilegum álitaeftum í matsgerðum. Óska stjórnir félaganna eftir því að millidómstigi verði komið á bæði í einkamálum og sakamálum.<sup>7</sup>

Álag á Hæstarétt Íslands hefur á liðnum árum verið mjög mikið. Þá blasir við að rétturinn mun ekki geta staðið undir þeim mála fjölda sem framundan er. Það samræmist ekki hlutverki æðsta dómstóls þjóðar að hafa svo marga dómendur og sinna þeim fjölda ágreiningsmála sem raun ber vitni. Í því horfi sem dómurinn er nú er hann fremur áfryjunardómstóll en æðsti dómstóll þjóðar. Líta má á stofnun millidómstigs nú sem hluta af þeirri viðleitni stjórnvalda að tryggja að réttarvörslukerfið geti tekist á við það umfangsmikla uppgjör sem óhjákvæmilegt er.

Við núverandi aðstæður eru tvær leiðir færar sem til greina koma til að bregðast við álaginu. Annars vegar að fjölga dómurum Hæstaréttar til frambúðar eða að koma á fót millidómstigi í sakamálum. Svigrúm til að koma slíku millidómstigi á er til staðar þar sem mál frá hinum sérstaka saksóknara munu vart berast Hæstarétti fyrr en í árslok 2011 eða byrjun árs 2012.

Lagt er til að á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins verði greint hvaða kostnaður er samfara hvorri leið og eftir atvikum lagðar fram útfærðar tillögur um millidómstig í sakamálum. Síðar verði hugað að millidómstigi í einkamálum.

- **Tillaga:** Hugað verði nú þegar að stofnun millidómstigs í sakamálum og miðað við að ákvörðun þar að lútandi verði tekin á þessu ári. Jafnframt verði hugað að stofnun millidómstigs í einkamálum.

#### 4.5. Hækkun dómsmálagjalda

Til að koma til móts við þann aukna kostnað sem að framangreindum tillögum leiðir eru lagðar til breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Breytingin felst í því að þegar rekin eru ágreiningsmál fyrir dómi í tengslum við gjaldþrotaskipti og aðra skiptameðferð verði hér eftir greidd samskonar dómsmálagjöld og í öðrum einkamálum þar sem tekist er á um fjárhagslega hagsmuni. Þar að auki fari gjaldið hækkandi í samræmi við þá fjárhæð sem ágreiningur er um, innan sömu marka og gildir um stefnur almennt. Þetta myndi leiða til þess að í stórum hluta slíkra mála yrðu greiddar 300.000 kr. í þingfestingargjald í stað 15.000 kr. Eðlilegt er að þeir sem reka fjárhagsleg ágreiningsmála á þessum grundvelli greiði gjald í samræmi við fjárhæð þeirra hagsmuna sem um er að tefla, svo sem gert er endranær. Þá er lagt til að lögfest verði frekari hækkun þingfestingargjalda sem færu stighækkandi eftir fjárhagslegum hagsmunum umfram það sem nú er.

<sup>7</sup> Bréf DÍ, LMFÍ, LÍ og ÁFÍ til dómsmálaráðherra dags. 18. október 2010

Hækkun dómsmálagjalda á milli áráanna 2009 og 2010 stefnir í um 230 milljónir króna. Þá má reikna með að ágreiningsmál vegna krafna í þrotabú fjármálastofnana skili nálægt 20 milljónum til viðbótar en á bilinu 200-300 m.kr. ef fallist er á þessa tillögu um breytingu á aukatekjulögum.

Þá er lagt til að 4. mgr. 3. gr. orðist svo:

„Kostnaður af birtingu kvaðningar vegna málefna skv. 1. mgr. 2. gr. skal greiðast af þeim sem beiðni eða krafa stafar frá.“

Ástæða þessarar tillögu er sú að eðlilegt er að sá sem krafa stafar frá beri kostnað af boðunum í þessum málum á sama hátt og stefnandi greiðir kostnað vegna stefnubirtingar í almennum einkamálum.

- **Tillaga: Gjaldtaka vegna þingfestingar mála verði samræmd og gjaldtaka af stærri ágreiningsmálum varðandi skiptamál tekin upp. Þingfestingargjöld verði hækkuð með áframhaldandi þrepaskiptingu miðað við hagsmunatengingu.**

#### 4.5. Hækkun áfrýjunarfjárhæðar

Hæstiréttur fjallar á hverju ári um töluverðan fjölda einkamála, þar sem fjallað er um óverulega fjárhagslega hagsmuni sem nema oft lægri fjárhæðum en nemur kostnaði við málareksturinn. Lágmarksfjárhæð slíkra hagsmuna er nú um 650.000 kr., en unnt er að sækja um áfrýjunarleyfi vegna mála sem nema lægri fjárhæðum. Til samanburðar má geta þess að ágreiningsmál um helmingi hærri fjárhæðir fara yfirleitt í smámálameðferð í Noregi þar sem gert er út um þau af nefndum ólöglerðra borgara. Tekið hefur verið mið af því að hækkun áfrýjunarfjárhæðar verði svo í hóf stillt að ekki sé girt fyrir að menn njóti réttmætrar málsmeðferðar fyrir dómstólum.

- **Tillaga: Lagt er til að áfrýjunarfjárhæð verði hækkuð með breytingu á 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í 2.500.000 kr. Óbreyttar reglur um áfrýjunarleyfi haldi þó opnum möguleikum réttarins á að fjalla um mál sem varða smærri hagsmuni.**

### **Fylgiskjöl**

- Fylgiskjal 1    Upplýsingar um þróun mála og álag hjá Hæstarétti Íslands (dags. 10. 5. 2010) og dómstólaráði (dags 17.5. 2010)
- Fylgiskjal 2    Frekari greinargerð um stöðu mála í Héraðsdómi Reykjavíkur (30.6.2010)
- Fylgiskjal 3    Bréf DÍ, LMFÍ, LÍ og ÁFÍ til dómsmálaráðherra dags. 18. október 2010
- Fylgiskjal 4    Hækkun dómsmálagjalda, kostnaðargreining vegna fjölgunar dómara



# HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

DÓMSMÁLA- OG MANNRETTINDARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 4.91.0	Ábm. VJH
Innk.: 11. MAÍ 2010	
DMR 10040182	

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið  
Skuggasundi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2010.

Visað er til bréfs, dags. 26. f.m., tilv. DMR10040182/4.91.0, þar sem spurst er fyrir um það hvort hugað hafi verið að því að gerð yrði reglubundin könnun á álagi á dómstólum til að meta hvernig best sé að takast á við fjölgun mála.

Hjá Hæstarétti er reglubundið fylgst með þróun málafjölda og álagi á dómstólinn.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir fjölda ódæmdra mála 1. hvers mánaðar frá 1. janúar 2003 til 1. maí 2010. Þar kemur m.a. fram að 1. þ.m. voru 94 ódæmd einkamála tilbúin til flutnings. Eru það 28 fleiri mál en sama dag fyrir ári og 51 fleiri mál en sama dag árið 2003. Ódæmd sakamál voru 62 eða 4 fleiri en sama dag fyrir ári og 39 fleiri en árið 2003.

Meðfylgjandi er einnig yfirlit yfir fjölda skráðra og dæmdra mála hjá Hæstarétti árin 2003 – 2009. Þar kemur m.a. fram að skráðum málum hefur fjölgað um rúm 57% frá árinu 2003. Skráð mál hafa aldrei verið fleiri en á síðasta ári eða 782. Fjölgunin frá árinu á undan er rúm 12%. Miðað við skráð mál í lok vinnudags 27. apríl sl. bendir margt til að á þessu ári muni málum fyrir réttinum enn fjölga.

Árin 2003 – 2009 voru dómur í munnlega fluttum málum frá 260 – 307. Meðaltal 287. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að unnt sé að fjölga munnlega fluttum málum við réttinn að óbreyttum dómara fjölda.

Árin 2003 – 2009 fjölgaði dómum í kærumálum úr 180 í 356 eða um tæp 98%. Mest fjölgaði dómum í sakamálum eða um 283%.


Ef framangreindar upplýsingar eru skoðaðar út frá sjónarhóli hvers dómara miðað við meðaltöl og málafjölda árið 2009 kemur í ljós að hver dómari tók þátt í að

# HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

dæma í 114 munnlega fluttum málum og 118 kærumálum. Að meðaltali tók hver dómari því þátt í að dæma 232 mál árið 2009. Miðað við að 220 vinnudagar séu á hverju ári að frádregnum almennum frídögum og orlofi þýðir þetta að hver dómari taki þátt í að dæma rúmlega eitt mál á dag. Það er mjög misjafnt hversu umfangsmikil málgögn eru sem dómarar þurfa að kynna sér, en í munnlega fluttum málum er algengt að þau séu 200 til 400 blaðsíður. Í minnstu málum eru þau 70 til 100 bls. en geta farið á þriðja þúsundið í stærstu málum. Mjög misjafnt er hversu umfangsmikil málgögn eru í kærumálum frá nokkrum tugum upp í nokkur hundruð. Auk þess að kynna sér gögn máls hlýða dómarar á málflutning þrisvar í viku og í framhaldi af því eru dómarafundir þar sem úrslit máls eru rædd. Í stærri málum þarf oft að halda fleiri en einn fund. Þá halda dómarar fundi um kærumál. Miðað við fjölda mála árið 2009 skrifaði hver dómari 33 dóma að meðaltali í munnlega fluttum málum og 39 dóma í kærumálum.

Samkvæmt 2. mgr. 195. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal dómur í kærumálum kveðinn upp svo fljótt sem kostur er. Í langflestum tilvikum er dómur kveðinn upp innan þriggja til fjögurra daga frá því að gögn málsins berast réttinum. Samkvæmt 1. mgr. 150. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur í kærumálum kveðinn upp svo fljótt sem kostur er. Í einkamálum er dómur í kærumálum í flestum tilvikum kveðinn upp innan mánaðar frá því að gögn málsins berast réttinum. Í réttarhléi á sumrin getur þessi tími þó verið lengri ef ekki er brýnt að dómur verði kveðinn upp án dráttar. Áfrýjuð sakamál hafa forgang umfram munnlega flutt einkamál.

Með vísan til þess sem að framan er ritað telur Hæstiréttur það hafið yfir vafa að álag á dómara réttarins sé óhæfilega mikið og að ekki sé unnt að búa við það til lengdar. Loks má geta þess að hér hefur einungis verið rætt um þátttöku dómara í meðferð dómsmála, en auk þess sinna þeir ýmsum smærri verkefnum s.s. ákvörðunum um veitingu áfrýjunarleyfa, endurupptöku mála, málskostnaðartryggingar, vettvangsgöngur í þjóðlendu- og landamerkjámálum og tilnefningar í ráð og nefndir.



Þorsteinn A. Jónsson,  
skrifstofustjóri.



## DÓMSTÓLARÁÐ

DÓMSMÁLA- OG MANNRETTINDARÁÐUNEYTI B	
SI 4.91.0	Form 73H
Innk:	19. MAÍ 2010
DMR	10040182

Reykjavík, 17. maí 2010

Dómsmála- og mannréttindaráðherra,  
Ragna Árnadóttir,  
Skuggsundi 3  
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, dagsetts 26. apríl 2010, þar sem þeirri fyrirspurn er komið á framfæri við dómstólaráð og Hæstarétt hvort hugað hafi verið að því að gerð yrði reglubundin könnun á álagi á dómstólana svo unnt sé að meta á hvern hátt best sé að takast á við fjölgun mála sem fyrirsjáanleg er í náinni framtíð.

Með bréfi dómstólaráðs 5. október 2009 var lagt til að héraðsdómurum yrði fjölgað tímabundið um fimm. Þá var gerð sú tillaga að inn í lög um meðferð einkamála og lög um meðferð sakamála yrðu sett ákvæði sem rýmkuðu heimildir dómara til að kveðja sérfróða meðdómendur til setu í dómi. Í bréfinu segir að líklegt sé að meginþungi „hrunmála“ muni lenda á dómstólunum á höfuðborgarsvæðinu, einkum Héraðsdómi Reykjavíkur, og sé brýnt að þeir verði undir það búnir að taka við þeirri fljóðbylgju mála sem fyrirsjáanlega muni hellast yfir þá á næstu mánuðum og árum. Sé því nauðsynlegt að tryggja verulega auknar fjárheimildir til að unnt verði að gera viðeigandi ráðstafanir, en umræddar tillögur séu afar hófstilltar.

Niðurstaðan varð sú að í byrjun desember 2009 var lagt fram frumvarp til breytinga á dómstólalögum þar sem lagt var til að héraðsdómurum yrði fjölgað um fimm til 1. janúar 2013, en ekki skyldi skipa í embætti héraðsdómara sem losnuðu eftir þann dag fyrr en þess gerðist þörf til að ná þeirri tölu héraðsdómara, 38, sem mælt væri fyrir um í dómstólalögum. Þá yrði veitt heimild til að ráða fimm nýja aðstoðarmenn. Frumvarp þetta varð að lögum 21. desember síðastliðinn og hafa dómaramenn verið skipaðir frá 15. þessa mánaðar.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir meðal annars að þeir atburðir, sem leiddu til falls bankanna síðastliðið haust, hefðu haft mikil áhrif á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þegar litið væri til dómstólanna mætti greina þessi atriði í tvennt, í fyrsta lagi sakamál vegna efnahagsbrota, m.a. í kjölfar stofnunar embættis sérstaks saksóknara, og í öðru lagi aukinn fjöldi einkamála þar meðtalin kærsmål vegna slita fjármálafyrirtækja. Til viðbótar hefði dómstólum nýlega verið falið mikilvægt hlutverk við gerð nauðasamninga til greiðsluáðlögunar. Í svari sérstaks saksóknara 16. október 2009 við fyrirspurn ráðuneytisins kemur fram það mat að á árinu 2010 verði álag á dómstólana í formi 5–10 umfangsmikilla og tímafrekra mála fyrir dómi auk fjölda rannsóknarúrskurða, svo sem vegna húsléita, ágreinings um rannsóknaraðgerðir lögreglu og gæsluvarðhaldsúrskurða. Færi sem horfði myndu stór og umfangsmikil mál á árinu 2011 verða 15–25 auk rannsóknarúrskurða. Á árinu 2012 færi slíkum málum hins vegar að fækka og fækkaði enn frekar á árinu 2013. Þó yrði að gera alla fyrirvara enda margir þættir sem kynnu að hafa áhrif á þessa áætlun embættisins.



## DÓMSTÓLARÁÐ

Miðað við það sem fram hefur komið frá því frumvarpið varð að lögum, og ber þar sérstaklega að nefna skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, verður að telja ljóst að fjöldi og þungi sakamála frá embætti sérstaks saksóknara sé sist ofáætlaður, enda hefur verið boðað að fjölga eigi starfsmönnum þar verulega. Sama má segja um fjölda flókinna og umfangsmikilla einkamála af ýmsu tagi sem efnahagshrunið hefur í för með sér.

Dómstólarnir standa næstu árin frammi fyrir risavöxnu verkefni, en ljóst er að langmestur þunginn mun hvíla á Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti. Fyrir liggur nú þegar að fjöldi munnlega fluttra einkamála hefur aldrei verið meiri en nú í dómstólunum á höfuðborgarsvæðinu og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Þá munu mörg hundruð ágreiningsmála vegna slita fjármálafyrirtækja, mörg hver afar flókin, verða rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Svo sem lýst hefur verið hafa verið gerðar ráðstafanir til fjölgunar héraðsdómara til að bregðast við ástandinu. Ljóst er nú að sú fjölgun mun hvergi nærri duga til að ráða við það gríðarlega álag sem fyrirsjáanlegt er á komandi árum. Sem dæmi má nefna að komi til þess að fjölskipa þurfi dóm í mörgum málum, og ber þar sérstaklega að nefna umfangsmikil sakamál frá sérstökum saksóknara, eins og fyrirsjáanlegt er að koma muni til, hefur það í för með sér að önnur mál verða að víkja og að málatími muni því lengjast, jafnvel að mun. Gera verður því ráð fyrir að til frekari fjölgunar héraðsdómara þurfi að koma í Héraðsdómi Reykjavíkur á næsta ári. Þá mun einnig þurfa að fjölga aðstoðarmönnum, dómriturum og öðru starfsfólki.


Á Lagadegi 30. apríl síðastliðinn líkti formaður Rannsóknarnefndar Alþingis umfangi álags á dómstólana á næstu árum við hamfaraflóð. Það er krafa almennings að í því uppgjöri, sem fram fer í þjóðfélaginu í kjölfar efnahagshrunsins, verði vel staðið að málum hjá dómstólunum. Má þar engu til spara svo vel megi til takast. Miklum fjármunum hefur og verður varið í að rannsaka sakamál, tengd bankahruninu, og er ekki nema allt gott um það að segja. Hins vegar myndi það skjóta skökku við ef dómstólunum yrði ekki gert kleift að leggja dóm á þau innan hæfilegs tíma, en á það hafa stjórnvöld lagt áherslu. Auk þessara mála er fyrirsjáanlegt að rekin verða mörg hundruð einkamál, mörg hver afar flókin og umfangsmikil, sem tengjast uppgjöri hinna föllnu banka og vegna gjaldþrotaskipta fyrirtækja, stórra og smárra, riftunarmál þrotabúa, skaðabótamál og skattamál, auk ýmissa annarra mála sem stafa beinlínis af hruninu. Sjálft réttarríkið er því í húfi. Í þessu ljósi verður að telja að þeir fjármunir, sem leggja þarf í þetta verkefni, séu óverulegir þegar hafðir eru í huga þeir gríðarlegu hagsmunir sem í húfi eru. Augljóst er að við fjárlagagerð næsta árs verður að gera ráð fyrir verulega auknum fjárheimildum til dómstólaráðs vegna þess álags sem við blasir í Héraðsdómi Reykjavíkur, en líklegt verður að telja á álagið á dómstólunum verði mjög mikið næstu fimm árin. Rétt er að geta þess að húsnæði dómstólsins leyfir ekki nema mjög takmarkaða fjölgun starfsmanna. Þá liggur fyrir að dómsalir, sem dómstóllinn hefur yfir að ráða, munu ekki duga til að mæta álaginu. Verður því að reikna með að taka verði viðbótarhúsnæði í notkun fyrir dómstólinn þar sem gert verði ráð fyrir skrifstofum vegna fjölgunar starfsmanna og dómsölum með viðeigandi hús- og tækjabúnaði.



## DÓMSTÓLARÁÐ

Varðandi könnun á reglubundnu álagi á héraðsdómstólana er þess að geta að málatölur eru teknar á þriggja mánaða fresti og hefur ráðuneytinu verið gerð grein fyrir þeim með reglubundnu millibili. Tekið skal þó fram að málatölur segja ekki nema takmarkaða sögu vegna þess hve vægi mála er misjafnt. Af þeim tölum, sem nú liggja fyrir, verður ráðið að álag er mest í Héraðsdómi Reykjavíkur, Héraðsdómi Reykjaness, Héraðsdómi Suðurlands og Héraðsdómi Vesturlands. Þá blasir við að álagið á næstu árum verður langmest í Héraðsdómi Reykjavíkur eins og áður segir. Má nefna að munnlega fluttum einkamálum fyrstu fjóra mánuði þessa árs hefur fjölgað um 100 miðað við sama tímabil árin 2007 og 2008 og eru þau nú orðin 400 talsins. Með sama áframhaldi stefnir í að þau verði um 1000 á þessu ári. Þá eru ólokin ágreiningsmál vegna krafna í þrotabú nú þegar um 150 talsins og verða mun fleiri þegar líða tekur á árið og á næsta ári. Að lokum er rétt að nefna að mörg stór sakamál verða rekin fyrir dómstólnum á komandi árum. Þau þrjú og hálf viðbótarstöðugildi dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur, sem fengust með fyrrnefndri lagabreytingu, munu því engan veginn duga til að mæta því byltingarkennda álagi sem verður á dómstólnum á komandi árum.

Fyrir hönd dómstólaráðs,



Helgi I. Jónsson,  
starfandi formáður



## DÓMSTÓLARÁÐ

DÓMSMÁLA- OG MANNRETTINDARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 491.0	Ábm. RÚH
Innk.: 1. JÚLÍ 2010	
DMR 0040192	

Reykjavík, 30. júní 2010

Dómsmála- og mannréttindaráðherra,  
Ragna Árnadóttir,  
Skuggsundi 3  
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs dómstólaráðs frá 17. maí sl. þar sem m.a. er gerð grein fyrir þróun mála frá bréfi ráðsins til yðar, dags. 5. október 2009, en þar var lagt til að héraðsdómurum yrði fjölgað um fimm. Í fyrrnefnda bréfinu kemur fram að dómstólarnir muni á næstu árum standa frammi fyrir risavöxnu verkefni, en ljóst sé að langmestur þunginn mun hvíla á Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti og að sú fjölgun héraðsdómara sem kom til framkvæmda 15. maí sl. muni hvergi nærri duga til að ráða við það griðarlega álag sem fyrirsjáanlegt er. Verður nú gerð frekari grein fyrir stöðu mála í Héraðsdómi Reykjavíkur og framtíðarsýn miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir, m.a. á grundvelli upplýsingar frá slitastjórunum Kaupþings, Landsbanka og Glitnis og embætti sérstaks saksóknara.

### Munnlega flutt einkamál.

Árið 2009 voru munnlega flutt einkamál 1077 talsins í Héraðsdómi Reykjavíkur og hafa þau aldrei verið fleiri. Miðað við þróun mála það sem af er þessu ári má gera ráð fyrir að þau verði um 1100-1200 í ár og að þeim muni fara fjölgandi á næstu árum. Þess skal getið að í meðalári hefur fjöldi þessara mála verið um 750 talsins. Í dag sinna 14 dómáram þessum málaflokki, 12 í fullu starfi, en tveir hafa jafnframt afgreitt nauðasamningsmál til greiðsluáðlögunar og fá því hlutfallslega minni úthlutun en dómáram sem sinna þessum málum eingöngu. Að auki afgreiða dómáram í einkamálum mál vegna krafna um bráðabirgðaforsjá og farbann í forsjármálum og ágreiningsmál vegna vistunar barna af hálfu barnaverndaryfirvalda, auk þess sem þeir eru á vakt vegna rannsóknarúrskurða.

Sú aðferð hefur verið viðhöfð í dóminum að vega þyngd munnlega fluttra einkamála í þrjú flokka (I-III) og fara léttustu máli í flokk I og þau þyngstu í flokk III. Mál í þyngsta flokki voru 150 talsins árið 2009 og verða þau að öllum líkindum fleiri í ár. Þá verður jafnframt að gera ráð fyrir að málum af þessari stærðargráðu muni fara fjölgandi á næstu árum miðað við þær málsóknir sem boðaðar hafa verið. Að jafnaði má reikna með að allt að 4 vinnuvikur fari í lestur hvers máls, þinghöld, aðalmeðferð og samningu dóms í málum í þessum flokki, en í mörg þessara mála fer lengri tími. Mál, sem fara í flokk II, eru oft og tíðum býsna þung og geta farið allt að 3 vinnuvikur í úrvinnslu máls í þeim flokki, en málum í þessum flokki hefur farið fjölgandi á sl. árum. Meðaltalseftirstöðvar hvers dómara í munnlega fluttum einkamálum verða um 55 mál eftir úthlutun í júlí nk. og hafa eftirstöðvar hækkað um 20 mál á dómara frá því sem þær voru árið 2008. Sú tala á eftir að hækka enn meira með áframhaldandi streymi mála. Ljóst er því að málatími mun að óbreyttu lengjast að mun á næstu árum. Þá verður að gera ráð fyrir að vegna umfangs og flækjustigs margra munnlega fluttra einkamála mála verði dómur fjölskipaður (3 dómáram) í fleiri málum en verið hefur.



## DÓMSTÓLARÁÐ

X-mál (ágreiningsmál vegna krafna í þrotabú, einkum þrotabú fjármálafyrirtækja).

Í fyrra bárust dóminum 98 mál af þessu tagi. Það sem af er þessu ári hafa 273 mál borist og bíður nú 271 mál afgreiðslu. Mörg þessara mála eru afar flókin og myndu fara í þyngsta flokk (III) í munnlega fluttum einkamálum. Slitastjórnir Kaupþings, Landsbankans og Glitnis reikna með að 1200-1500 x-mál muni berast dóminum á næstu mánuðum. Fundir verða haldnir í slitastjórnnum bankanna í desember nk. til að jafna ágreining og í framhaldi af þeim ræðst hve mörg mál munu bætast við. Þá er áætlað að um 250 munnlega flutt einkamál (riftunarmál, skaðabótamál), mörg hver mjög umfangsmikil, muni berast dóminum frá bönkunum á næstu mánuðum. Þessu til viðbótar munu a.m.k. nokkrir tugir x-mála berast frá smærri fjármálafyrirtækjum, auk munnlega fluttra einkamála af ýmsu tagi. Í dag eru 3 dómara í x-málum, en þeir voru áður í munnlega fluttum einkamálum.

Mál frá sérstökum saksóknara.

Með öllum fyrirvörum er gert ráð fyrir að 9 ákæru berist frá sérstökum saksóknara á þessu ári og 81 árin 2011, 2012 og 2013, 27 ár hvert, eða samtals 90 mál. Af hálfu embættis sérstaks saksóknara er málum í grófum dráttum raðað í þrjá flokka. Í flokki 1 eru mál þar sem ráðgert er að þrír eða fleiri verði ákærðir í hverju máli, ákæruliðir verði fleiri en 20, sakarefni verði marga, umfangsmikla og flókna fjármálagerninga, skjalamagn verði mælt í þúsundum blaðsíðna og vitni verði fleiri en 40. Þá má reikna með að látið verði reyna á mikinn fjölda réttarfarsatriða í þessum málum. Má ætla að rekstur þessara mála verði a.m.k. jafn umfangsmikill og rekstur Bausmálsins, en tæplega þrjú ár liðu frá því fyrri ákæran var þingfest í héraði þar til málið var dæmt í Hæstarétti. Skjöl málsins voru yfir 40.000 blaðsíður og stóð aðalmeðferð í síðara málinu yfir í samfelld sjö vikur og voru yfirheyrð rúmlega 100 vitni. Réttarfarsúrskurðir í héraði voru á annan tug og kvað Hæstiréttur upp 10 dóma í þessum málum. Er gróflega áætlað að 10 slík mál muni berast Héraðsdómi Reykjavíkur á árunum 2010-2013. Þá er ráðgert að 20 mál fari í flokk 2, en þar er um að ræða umfangsminni mál en í flokki 1, en þó á við allra stærstu efnahagsbrotamál, þrír eða fleiri verði ákærðir og ákæruliðir verði fleiri en 10, málin verði flókna fjármálagerninga, skjalamagn verði í þúsundum blaðsíðna og vitni verði fleiri en 20. Ljóst er að dómur verður fjölskipaður í öllum málum í flokki 1 og einhverjum hluta mála í flokki 2. Er líklegt að samsetningin verði þannig að tveir embættisdómarar skipi dóm í hverju máli auk eins sérfróðs meðdómanda. Það þýðir að dómara verða svo vikum eða mánuðum skiptir bundnir í afgreiðslu hvers máls af þessari stærðargráðu og geta því ekki sinnt öðrum málum á meðan.

Önnur sakamál.

Þessu til viðbótar er vitað að mikill fjöldi mála er til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, þ. á m. fjöldi mála frá fjármálaeftirlitinu. Sömu sögu er að segja um mál hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og ríkissaksóknara. Í dag sinna 6 dómara sakamálum í Héraðsdómi Reykjavíkur, tveir þeirra fara að auki með lög-ræðismál og einn sér um gjaldþrotaurður og almenna nauðasamninga. Þá ganga dómara rannsóknarvaktir eins og aðrir dómara.

Samantekt og tillögur.

Álag er nú þegar orðið mjög mikið í x-málum og mun stórukast á næstu mánuðum. Dómstjóri ákvað um sl. áramót að setja á fót deild þriggja dómara sem færu með þessi



## DÓMSTÓLARÁÐ

mál, en áður voru þeir í munnlega fluttum einkamálum og fækkaði þar af leiðandi um þrjá dómara í þeim málaflokki. Svo sem áður greinir fjölgaði héraðsdómurum um 5 þann 15. maí sl. og fjölgaði þá stöðugildum um þrjú og hálf í Héraðsdómi Reykjavíkur. Með því að þrír dómara voru teknir úr munnlega fluttum einkamálum og settir í x-mál, sem eru hrein viðbót frá því sem áður var, er framangreind stöðugildafjölgun nánast uppurin jafnframt því sem álag hefur aukist. Ekki er við því að búast að hver dómari afgreiði meira en 100 x-mál að hámarki ár hvert og tæki því 4-5 ár að afgreiða þann málafjölda sem er gert ráð fyrir miðað við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar samkvæmt framansögðu, en málin geta orðið fleiri eins og áður segir.


Við blasir að álag verður gríðarlegt í málum frá sérstökum saksóknara a.m.k. næstu 3-5 árin. Þá mun álag aukast að mun í munnlega fluttum einkamálum. Miðað við framangreindar forsendur verður að telja að fjölga þurfi dómurum í Héraðsdómi Reykjavíkur að lágmarki um 10 á næstu misserum. Er lagt til að þeim verði fjölgað um 6 frá nk. áramótum og um 4 frá 1. september 2011. Þá verði aðstoðarmönnum fjölgað um 3, dómriturum um 4 og dómvörðum um 2. Sú tillaga að fjölgun dómara og annars starfsfólks, sem hér er sett fram, er miðuð við þær forsendur sem nú liggja fyrir, en þær kunna að breytast eftir því hvernig mál þróast, en þá eingöngu í þá átt að frekari fjölgunar sé þörf.

Þar sem húsnæði dómstólsins er nánast fullnýtt er ljóst að taka þarf viðbótarhúsnæði á leigu til næstu 5 ára. Vitað er að 312 fm hæð að Austurstræti 17 er laus til leigu á 1.500 kr. fm eða um 5,6 m.kr. á ári. Þetta húsnæði myndi henta dóminum mjög vel þar sem það er við hliðina á húsnæði dómsins. Mikilvægt er að festa húsnæðið sem allra fyrst svo unnt sé að laga það að þörfum dómsins og koma upp viðeigandi búnaði. Kostnaður vegna innréttingar 14 skrifstofa, ásamt skrifstofu- og tækjabúnaði, áætlaður 8,4 m.kr. (14 x 600.000).

Áætlaður launakostnaður á hvern dómara er um 11,3 m.kr. ár hvert, aðstoðarmanns um 6 m.kr. og dómritara og dómvarða um 4,8 m.kr. Samkvæmt því næmi viðbótarlaunakostnaður 159.800.000 kr. á ári yðri starfsmönnum fjölgað samkvæmt tillögu ráðsins.

Að lokum er bent á að verði af fyrrgreindri fjölgun dómara er brýnt að komið verði upp fleiri dómsólum en húsnæði dómstólsins býður ekki upp á slíkt.

Fyrir hönd dómstólaráðs,



Helgi I. Jónsson,  
starfandi formaður



Hr. dómsmála- og mannréttindaráðherra,

Ögmundur Jónasson.

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐHERRA	
Bl. 491.0	Abm. 03
Innk.: 22. OKT. 2010	
DMR 10100728	

Reykjavík, 18. október 2010

Á málþingi um millidómstig sem haldið var 8. október sl., á vegum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Ákærendafélags Íslands, kom fram eindreginn vilji félaganna til að koma á millidómstigi sem allra fyrst. Rök fyrir þeirri breytingu á íslensku réttarkerfi, sem felst í stofnun millidómstigs, eru m.a. eftirfarandi:

1. Fyrirséð er að dómskerfið annar ekki þeim málaþjölda sem berst dómstólunum um þessar mundir og fjöldi dómsmála mun aukast verulega á næstu mánuðum og árum. Jafnframt er bent á að Alþingi hefur nýverið ákveðið að höfða skuli mál fyrir Landsdómi. Má telja líkur á að 5 af 9 dómurum Hæstaréttar verði frá störfum í Hæstarétti um nokkurra mánaða skeið til að sinna dómstörfum við Landsdóm. Það er gríðarlega mikilvægt að ríkisvaldið sjái til þess að dómstólar landsins ráði við þau mál sem þeim berast og tryggjast verði að mál sem rekja má til hruns íslensks efnahagskerfis tefjist ekki hjá þeim.

2. Afar brýnt er að uppgjöri þeirra mála sem komið hafa til kasta dómstólanna í kjölfar hruns íslenska efnahagskerfisins verði hraðað. Kostnaður við uppgjörið eykst gríðarlega ef mál tefjast fyrir dómstólunum, auk þess sem dráttarvextir ganga verulega á eignir skuldara, á meðan mál bíða dóms, ef til vill mánuðum eða árum saman. Skuldarar og þeir sem standa höllum fæti fara verst út úr slíkum drætti. Benda má á að vaxtakostnaður ríkissjóðs vegna lána sem tengd eru hinum föllnu bönkum er um 600 milljónir á mánuði. Hver mánuður er því dýr fyrir ríkissjóð. Hér er einungis um beinharða hagsmuni ríkissjóðs að tefla, af þessum eina útgjaldalið, en ótalinn allur annar kostnaður.

3. Kostir við þriggja dómstiga dómskerfi eru margir og ókostir þeirrar dómstólaskipunar sem við búum við á Íslandi, að sama skapi margir.

3.1. Í þriggja dómstiga dómstólaskipan, eins og aðrar norðurlandþjóðir búa við, berast aðeins til Hæstaréttar viðamestu málinu, þar sem þörf er á túlkun laga, mál sem eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða mál til endurskoðunar viðurlaga. Hæstiréttur er þar í raun fordæmisgefandi og engin hættu á því að upp komi sú staða sem stundum hefur komið upp hérlendis, að Hæstiréttur sé ekki samstíga í niðurstöðum. Slíkt getur orðið til þess að fleiri málum er skotið til Hæstaréttar.

Hæstiréttur Íslands starfar oftast í þremur þriggja manna deildum og þeim ber ekki alltaf saman um niðurstöður. Eftir því sem mál eru dæmd oftar af þriggja manna dómum, í stað fimm manna dómum, getur meiri réttaróvissa skapast. Með stofnun millidómstigs væri unnt að koma því svo fyrir að dómara Hæstaréttar séu færri en þeir eru í dag og dæmi öll mál saman, þannig að samræmd niðurstaða fái um gildandi rétt hverju sinni. Það er í raun

óviðunandi að til Hæstaréttar berist jafnt smæstu kærumál, sem og grundvallarspurningar um stjórnskipunina.

3.2 Þá er bent á að Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar í sakamálum nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið þar skýrslu fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 88/1988 um meðferð sakamála. Vegna málafjölda fyrir Hæstarétti er ekki fært að beita þessari heimild þar. Þetta leiðir til þess að annmarkar á sönnunarfærslu eða mati héraðsdómara á sönnun veldur því að Hæstiréttur getur aðeins ógilt dóminn og vísað málinu heim til löglegrar meðferðar. Slikt veldur töfum á máli, er kostnaðarsamt og sársaukafullt fyrir ákærðu og brotþola.

3.3. Verði komið á millidómstigi er unnt að kalla til sérfróða meðdómendur, bæði í sakamálum og einkamálum, en ekki einungis í héraðsdómi. Við núverandi dómstólaskipan getur Hæstiréttur ekki endurmetið sérfræðilegar niðurstöður. Ef millidómstigi yrði komið á, þar sem heimilt væri að kalla til sérfróða meðdómendur, myndu slík mál hljóta ákveðna endurskoðun fyrir millidómstiginu og með áfrýjun til Hæstaréttar væri einungis skorið úr ágreiningi varðandi lagaatriði í þröngum skilningi. Þetta hefur mikla þýðingu þegar verið er að taka afstöðu til sérfræðilegra álitaefna í matsgerðum, en slík mál verða án efa fjöldamörg vegna hruns íslensks fjármálamarkaðar og varða gríðarlega flókin viðskipti og fjármál.

4. Millidómstig gæti verið skipað sex dómurum, þannig að unnt væri að skipa í tvær þriggja manna deildir. Hliðstæð skilyrði myndu gilda um áfrýjun héraðsdóms til millidómstigs og nú gilda um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar. Dómum millidómstigs yrði einungis unnt að skjóta til Hæstaréttar til endurskoðunar á lagaatriðum og ákvörðunum viðurlaga. Sönnun kæmi því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Áfrýjun mála yrði takmörkuð við mikilsverða hagsmuni. Allir rannsóknarúrskurðir, þar með talið úrskurðir um gæsluvarðhald kæmu til endanlegrar úrlausnar á millidómstigi.

Bent er á að fjármunir til stofnunar millidómstig eru fyrir hendi þar sem þeir hafa komið til með hækkun dómsmálagjalda.

Því er með vísan til alls ofangreinds skorað á ráðherra að beita sér fyrir því að stofnað verði millidómstig í sakamálum og einkamálum, fyrir 1. júlí 2011, þar sem öll atriði, þar á meðal sönnunatriði yrði endurskoðuð.

Gríðarleg réttarbót yrði í því fölgín, auk þess sem því álagi sem nú er á dómstólum landsins, yrði að miklum hluta létt af. Það leiddi aftur til þess að skjótar væri unnt að leysa úr þeim fjölmörgu ágreiningsefnum sem berast munu dómstólunum og hafa þegar borist þeim, í kjölfar hruns íslensks efnahagslífs.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd stjórna DÍ, LMFÍ, LÍ, ÁFÍ.

*Brunge Þic (sæc)*  
*Ingevaldur Einarsson*  
*Kristín Edvards*  
*Helgi Magni*

Rekstrarskrifstofa DMR  
15.7.2010

## Viðbótarútgjöld

### Héraðsdómstólar

Launakostnaður við einn héraðsdómara er um 11,1 m.kr. á ári með launatengdum gjöldum. Tíu dómara gera þá 113 m.kr. á ári

Launakostnaður við einn aðstoðarmann er um 6 m.kr. á ári með launatengdum gjöldum. Þrír aðstoðarmenn kosta þá 18 m.kr. á ári

Launakostnaður við hvern dómritara og dómvörð er um 4,8 m.kr. á ári. Fjórir dómritarar og tveir dómverðir kosta þá samtals 28,8 m.kr. á ári

Almennt er miðað við að húsnæði þurfi að stækka um 20 fm. fyrir hvern viðbótarstarfsmann, núverandi húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur er því sem næst fullnýtt, áætla má viðbótarhúsaleigu á 1.600 kr. \* 20 fm. \* 19 nýir starfsmenn = 608 þús.kr. á mánuði eða 7,3 m.kr. á ári.

Uppbyggingu starfsaðstöðu sem einskíptiskostnað má meta á um 0,7 m.kr. á mann. (skrifborð, talva, stólar, hugbúnaðarleyfi, o.fl.).

Ef tekin eru viðmið í áætluðum rekstrarútgjöldum héraðsdómstólsins í Reykjavík 2011 þá má jafnframt gera ráð fyrir að útgjöld til viðbótar framanagreindu, önnur en laun, séu til viðbóta u.þ.b. 17% eða 27 m.kr.

Heildar viðbótaútgjöld vegna ofangreindrar fjölgunar starfsmanna væri þannig u.þ.b. **187 m.kr.** á ári og því til viðbótar væri einskíptiskostnaður vegna húsnæðis u.þ.b. **13 m.kr.**

Ef hinsvegar lögum væri breytt, á þann hátt að dómarafulltrúakerfi er tekið upp aftur, þá væru launagjöldin vegna dómara um 40% lægri með því að nýta löglærða fulltrúa í meira mæli heldur en dómara.

	Héraðs- dómari	Aðstoðar- maður	Dóm- ritari	Dóm- vörður	
Árslaun m/Ltgj	11.300.000	6.000.000	4.800.000	4.800.000	
	10	3	4	2	
	Héraðs- dómari	Aðstoðar- menn	Dóm- ritarar	Dóm- verðir	Samtals
Árslaun m/Ltgj	113.000.000	18.000.000	19.200.000	9.600.000	159.800.000

### Hæstiréttur

Launakostnaður við einn hæstaréttardómara er 13,6 m.kr. á ári með launatengdum gjöldum. Þrír viðbótar hæstaréttardómara gera þá 40,7 m.kr. til viðbótar á ári.

Launakostnaður við einn aðstoðarmann hæstaréttardómara er 8,5 m.kr. á ári með launatengdum gjöldum. Tveir aðstoðarmenn kosta þá 17 m.kr. á ári

Launakostnaður vegna stöðugildis skrifstofumanns er 4,2 m.kr. á ári. með launatengdum gjöldum. 1/2 stöðugildi kostar þá 2,1 m.kr. á ári.

Heildar viðbótaútgjöld vegna ofangreindrar fjölgunar starfsmanna Hæstaréttar væri þannig u.þ.b. **71,8 m.kr.** á ári.

	Hæstaréttar- dómari	Aðstoðar- maður	Skrifstofu- maður	
Árslaun m/ltgj	13.560.000	8.520.000	4.200.000	
	3	2	0,5	
	Hæstaréttar- dómarar	Aðstoðar- menn	Skrifstofu- mann	Samtals
Árslaun m/ltgj	40.680.000	17.040.000	2.100.000	59.820.000

### *Millidómstig*

Í október 2008 kom út skýrsla um milliliðalaus sönnumarfærslu í sakamálum. Í þeirri skýrslu var gert ráð fyrir að 5 dómara, 1 dómstjóri og 7 aðrir störfuðu við dóminn. Launakostnaður yrði þá um 120 m.kr. á ári, húsnæðiskostnaður um 26 m.kr. á ári og annar rekstrarkostnaður um 13 m.kr. á ári eða samtals **159 m.kr.** á ári.

### **Hækkun dómsmálagjalda**

Í samanburðaryfirliti fjársýslunnar um innheimtu dómsmálagjalda, fyrir fyrstu fimm mánuðum ársins í ár og í fyrra, má sjá mikla hækkun á greiddum dómsmálagjöldum eða úr 50 m.kr. í 149 m.kr. Greidd dómsmálagjöld munu verða ríflega 360 m.kr. á yfirstandandi ári að því gefnu að ekki verði mikil breyting á og gjöldin dreifist svipað yfir alla mánuði ársins. Í ljósi framangreinds, þá virðist að tekjur ríkisins af dómsmálagjöldunum, munu því ríflega þrefaldast við nýju aukatekjulögin eða úr tæplega 100 m.kr. ár ársgrundvelli í tæplega 360 m.kr. Er það hækkun um 260 m.kr.


Með því að líta svo á að viðbótarútgjöld dómstóla fjármagnist með hækkun dómsmálagjalda, þá er innheimta áætluð 260 m.kr. en viðbótargjöldin sem komin eru til framkvæmda ekki nema 102 m.kr. á ársgrundvelli.

Að auki má áætla að þegar þingfest verða ágreiningsmál vegna krafna í þrotabú fjármálastofnana þá hækki dómsmálagjöldin enn frekar. Þessi mál gætu orðið á bilinu 1.200 – 1.500 talsins. Dómsmálagjöldin vegna þeirra gætu orðið á bilinu 108 – 135 m.kr. þar sem stefnufjárhæðin er nær alltaf hærri en 30 m.kr.

Í heild má því áætla að hækkun dómsmálagjalda verði 260 til 300 m.kr. umfram viðbótarútgjöldin til dómskerfisins sem samþykkt voru í fjárlögum 2010.



44	43	42	41	40	39	38	Samtals
1			2				25
							1
						1	1
							1
					1		3
							1
							3
				1			8
1	0	0	2	1	1	1	43
44	0	0	82	40	39	38	2302







**Kynjaskipting héraðsdómara - des. 2010**

	<b>fjöldi</b>	<b>karlar</b>	<b>konur</b>
<b>Hd.Reykjavíkur</b>	<b>25</b>	<b>14</b>	<b>11</b>
<b>Hd.Vesturlands</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Vestfjarða</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Norðurl.vestra</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Norðurl.eystra</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Austurlands</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Suðurlands</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>1</b>
<b>Hd.Reykjaness</b>	<b>8</b>	<b>5</b>	<b>3</b>
<b>Samtals:</b>	<b>43</b>	<b>28</b>	<b>15</b>



**Aðstoðarmenn dómara - des. 2010**

<b>Hd.Reykjavíkur</b>	<b>8</b> (í 7,5 stöðugildi)
<b>Hd.Vesturlands</b>	<b>1</b>
<b>Hd.Vestfjarða</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Norðurl.vestra</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Norðurl.eystra</b>	<b>0</b>
<b>Hd.Austurlands</b>	<b>1</b> (í leyfi)
<b>Hd.Suðurlands</b>	<b>1</b>
<b>Hd.Reykjanes</b>	<b>3</b>





## DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 139/766  
komudagur 7. 12. 2010

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2010.

Umsögn um frumvarp til laga um dómstóla (fjölgun dómara), 246. mál.

Dómstólaráð fagnar því að fram sé komið frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla með það að markmiði að fjölga héraðsdómurum tímabundið um fimm. Er fjölgun þessi afrakstur vinnu sem dómstólaráð og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur lagt í til að meta hvernig rétt sé að bregðast við því álagi sem dómstólar eru þegar farnir að finna fyrir í kjölfar þeirra atburða sem áttu sér stað í byrjun október mánaðar 2008. Fjölgun héraðsdómara var ein af þeim tillögum sem settar voru fram.

Innan héraðsdómstólanna hefur lengi verið útbreidd sú skoðun að rétt væri að auka heimildir löglærðra aðstoðarmanna. Í frumvarpi dómsmála- og mannréttindaráðherra sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi var lögð til breyting á dómstólalögum að því er varðaði heimildir aðstoðarmanna til að ljúka málum. Var í frumvarpinu lagt til að aðstoðarmönnum dómara yrði fengið takmarkað dómsvald og þeim þannig falið að ljúka ágreiningslausum málum, en um störf aðstoðarmanna gildir nú 17. gr. laga um dómstóla. Dómstólaráð telur viðtæka sátt vera um þær auknu heimildir aðstoðarmanna sem hér eru nefndar. Er lögð mikil áhersla á að þessi breyting nái nú fram að ganga á sama tíma og aðrar breytingar eru gerðar á dómstólalögum því framangreind breyting myndi skipta dómstóla miklu og færa ýmis verkefni sem nú lenda á héraðsdómurum yfir á aðstoðarmenn.

Dómstólaráð vill gera athugasemd við ummæli í greinargerð með lögnum. Þar kemur fram að aukið álag muni fyrst og fremst vera á Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness og að á þessum tveim stöðum þurfi að fjölga dómurum. Hið rétta í þessu er að hið aukna álag er eingöngu í Héraðsdómi Reykjavíkur og því ekki þörf á fjölgun dómara í Héraðsdómi Reykjaness.

Dómstólaráð gerir verulegar athugasemdir við kostnaðarmat fjárlagaskrifstofu er fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu. Þar eru kostnaðaráhrif frumvarpsins metin 85,5 m. kr. á ári og um 64 m.kr. á árinu 2011.

### **Laun:**

Frumvarpið miðar við að dómurum og öðru starfsfólki dómstólanna verði fjölgað frá og með 1. mars 2011. Launaforsendur frumvarpsins eru réttar en sú villa er í reikniformúlu fjármálaráðuneytis að margfaldað er með 9 mánuðum í stað 10, það



## DÓMSTÓLARÁÐ

Þýðir að laun 5 héraðsdómara á ári eru 56,5 m.kr. og í 10 mánuði 47,1 m.kr. en ekki 42 m.kr. eins og segir í frumvarpinu, þá er kostnaður vegna ráðningar aðstoðarmanna og dómritara metinn á 22 m.kr. og því 18,3 m.kr. á næsta ári en ekki 16. m.kr. eins og áætlað er í frumvarpinu. **Mismunur 7.4 m.kr.**

### **Húsaleiga og rekstrarkostnaður húsnæðis:**

Húsaleiga og rekstrarkostnaður húsnæðis er metinn á 8,6 m.kr. en sú fjárhæð er lækkuð í 6 m.kr. í mati fjárlagaskrifstofu. Húsnæðiskostnaðurinn kemur að fullu til framkvæmda frá og með 1. janúar þar sem húsnæðið er ófullbúið og þarfnast innréttingar og lagfæringar. Hér vantar því samtals 2,6 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar. **Mismunur 2,6 m.kr.**

### **Húsbúnaður og tæki**

Kostnaðarmat gerir ekki ráð fyrir kaupum á húsgögnum og tækjum fyrir verðandi starfsfólk. Það er mat dómstólaráðs að sá kostnaður sé ekki undir 700 þús kr. pr. starfsmann eða **6.3 m.kr.** fyrir 9 starfsmenn.

### **Innréttingar skrifstofuhúsnæðis og aðrar framkvæmdir**

Það húsnæði sem Héraðsdómur Reykjavíkur hyggst leigja er óinnréttað, áætlaður kostnaður við að innrétta 9 skrifstofur er 8 m.kr. Þá liggur fyrir kostnaðarmat við að brjóta vegg milli núverandi húsnæðis og þess nýja 2 m.kr. **Samtals 10. m.kr.**

### **Mismunur á áætlun dómstólaráðs og fjárlagaskrifstofu nemur samtals 26.3 m.kr. á árinu 2011. og árleg fjárveiting er vanmetin um 1,6 m.kr.**

Kostnaðarauki héraðsdómstóla vegna frumvarps til breytingar á dómstólalögum(fjölgun dómara), 246. mál.

		fjöldi	2011	2012
Héraðsdómarar		5	47,1	56,5
aðstoðarmenn/dómritarar		4	18,3	22
Húsaleiga, rafmagn, hiti og þrif			8,6	8,6
Innréttingar húsnæðis			10,0	
Skrifstofuhúsgögn og tæki		9	6,3	
<b>Samtals</b>	-	-	<b>90,3</b>	<b>87,1</b>

Lögð er á það mikil áhersla að til réttis horfs verði færð þau atriði sem dómstólaráð gerir hér athugasemdir við. Þess er óskað að fulltrúar ráðsins fái að skýra þessi atriði enn frekar fyrir allsherjarnefnd.



# DÓMSTÓLARÁÐ

fh dómstólaráðs

*Simon Sig*  
Símon Sigvaldason  
formaður



Alþingi  
Erindi nr. P 139/699  
komudagur 6.12.2010

HÉRAÐSDÓMUR  
NORÐURLANDS EYSTRA


Akureyri, 3. desember 2010.

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum. Þingskjal 277 - 246. mál.

Í ljósi hins aukna álags sem orðið hefur á síðustu árum hjá dómstólum landsins er að áliti undirritaðs nauðsynlegt að fjölga dómurum eins og lagt er til í frumvarpinu. Að því leyti tekur undirritaður undir umsögn stjórnar Dómarafélags Íslands, en einnig um það að rétt sé að bregðast við með heildstæðum hætti, t.d. með því að stofna svokallað millidómstig.

Undirritaður telur auk þess afar brýnt að fjárveiting fái til að fjölga öðru starfsfólki dómstólanna, þ.e. löglærðum aðstoðarmönnum, dómriturum og dómvörðum. Að því leyti tekur undirritaður undir umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis, en í því viðfangi þykir og rétt að minna á að starfsfólki dómstólanna fjölgaði nær ekkert á árunum 1992 til 2008, ólíkt því sem gerðist hjá öðrum stofnunum ríkisins, t.d. hjá framkvæmdavaldinu og hjá Alþingi, en þar mun stöðugildum samkvæmt blaðafregnum hafa fjölgað um 30-35%.

  
Ólafur Ólafsson, dómstjóri  
Héraðsdóms Norðurlands eystra



**Fylgiskjöl:**

1. Ályktun stjórnar DÍ, LMFÍ, LÍ og AFI, dags. 18. október 2010
2. Súlurit um fjölda starfsmanna hjá dómstólum á Norðurlöndum. Heimild: Dómstólaráð, árið 2003.



Hr. dómsmála- og mannréttindaráðherra,

Ögmundur Jónasson.

Reykjavík, 18. október 2010

Á málþingi um millidómstig sem haldið var 8. október sl., á vegum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Ákærendafélags Íslands, kom fram eindreginn vilji félaganna til að koma á millidómstigi sem allra fyrst. Rök fyrir þeirri breytingu á íslensku réttarkerfi, sem felst í stofnun millidómstigs, eru m.a. eftirfarandi:

1. Fyrirséð er að dómskerfið annar ekki þeim málafjölda sem berst dómstólunum um þessar mundir og fjöldi dómsmála mun aukast verulega á næstu mánuðum og árum. Jafnframt er bent á að Alþingi hefur nýverið ákveðið að höfða skuli mál fyrir Landsdómi. Má telja líkur á að 5 af 9 dómurum Hæstaréttar verði frá störfum í Hæstarétti um nokkurra mánaða skeið til að sinna dómstörfum við Landsdóm. Það er gríðarlega mikilvægt að ríkisvaldið sjái til þess að dómstólar landsins ráði við þau mál sem þeim berast og trygggt verði að mál sem rekja má til hruns íslensks efnahagskerfis teyfist ekki hjá þeim.

2. Afar brýnt er að uppgjöri þeirra mála sem komið hafa til kasta dómstólanna í kjölfar hruns íslenska efnahagskerfisins verði hraðað. Kostnaður við uppgjörið eykst gríðarlega ef mál teyfjast fyrir dómstólunum, auk þess sem dráttarvextir ganga verulega á eignir skuldara, á meðan mál bíða dóms, ef til vill mánuðum eða árum saman. Skuldarar og þeir sem standa höllum fæti fara verst út úr slíkum drætti. Benda má á að vaxtakostnaður ríkissjóðs vegna lána sem tengd eru hinum föllnu bönkum er um 600 milljónir á mánuði. Hver mánuður er því dýr fyrir ríkissjóð. Hér er einungis um beinharða hagsmuni ríkissjóðs að tefla, af þessum eina útgjaldalið, en ótalinn allur annar kostnaður.

3. Kostir við þriggja dómstiga dómskerfi eru margir og ókostir þeirrar dómstólaskipunar sem við búum við á Íslandi, að sama skapi margir.

3.1. Í þriggja dómstiga dómstólaskipan, eins og aðrar norðurlandahjóðir búa við, berast aðeins til Hæstaréttar viðamestu málinu, þar sem þörf er á túlkun laga, mál sem eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða mál til endurskoðunar viðurlaga. Hæstiréttur er þar í raun fordæmisgefandi og engin hættu á því að upp komi sú staða sem stundum hefur komið upp hérlendis, að Hæstiréttur sé ekki samstíga í niðurstöðum. Slíkt getur orðið til þess að fleiri málum er skotið til Hæstaréttar.

Hæstiréttur Íslands starfar oftast í þremur þriggja manna deildum og þeim ber ekki alltaf saman um niðurstöður. Eftir því sem mál eru dæmd oftar af þriggja manna dómum, í stað fimm manna dómum, getur meiri réttaróvissa skapast. Með stofnun millidómstigs væri unnt að koma því svo fyrir að dómara Hæstaréttar séu færri en þeir eru í dag og dæmi öll mál saman, þannig að samræmd niðurstaða fái um gildandi rétt hverju sinni. Það er í raun

óviðunandi að til Hæstaréttar berist jafnt smæstu kærúmal, sem og grundvallarspurningar um stjórnskipunina.

3.2 Þá er bent á að Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar í sakamálum nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið þar skýrslu fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 88/1988 um meðferð sakamála. Vegna málafjölda fyrir Hæstarétti er ekki fært að beita þessari heimild þar. Þetta leiðir til þess að annmarkar á sönnunar færslu eða mati héraðsdómara á sönnun veldur því að Hæstiréttur getur aðeins ógilt dóminn og vísað málinu heim til löglegrar meðferðar. Slíkt veldur töfum á máli, er kostnaðarsamt og sársaukafullt fyrir ákærðu og brotaþola.

3.3. Verði komið á millidómstigi er unnt að kalla til sérfróða meðdómendur, bæði í sakamálum og einkamálam, en ekki einungis í héraðsdómi. Við núverandi dómstólaskipan getur Hæstiréttur ekki endurmetið sérfræðilegar niðurstöður. Ef millidómstigi yrði komið á, þar sem heimilt væri að kalla til sérfróða meðdómendur, myndu slík mál hljóta ákveðna endurskoðun fyrir millidómstiginu og með áfrýjun til Hæstaréttar væri einungis skorið úr ágreiningi varðandi lagaatriði í þröngum skilningi. Þetta hefur mikla þýðingu þegar verið er að taka afstöðu til sérfræðilegra álitaefna í matsgerðum, en slík mál verða án efa fjöldamörg vegna hruns íslensks fjármálamarkaðar og varða gríðarlega flókin viðskipti og fjármál.

4. Millidómstig gæti verið skipað sex dómurum, þannig að unnt væri að skipa í tvær þriggja manna deildir. Hliðstæð skilyrði myndu gilda um áfrýjun héraðsdóms til millidómstigs og nú gilda um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar. Dómum millidómstigs yrði einungis unnt að skjóta til Hæstaréttar til endurskoðunar á lagaatriðum og ákvörðunum viðurlaga. Sönnun kæmi því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Áfrýjun mála yrði takmörkuð við mikilsverða hagsmuni. Allir rannsóknarúrskurðir, þar með talið úrskurðir um gæsluvarðhald kæmu til endanlegrar úrlausnar á millidómstigi.

Bent er á að fjármunir til stofnunar millidómstig eru fyrir hendi þar sem þeir hafa komið til með hækkun dómsmálagjalda.

Því er með vísan til alls ofangreinds skorað á ráðherra að beita sér fyrir því að stofnað verði millidómstig í sakamálam og einkamálam, fyrir 1. júlí 2011, þar sem öll atriði, þar á meðal sönnunaratriði yrði endurskoðuð.

Gríðarleg réttarbót yrði í því fólgin, auk þess sem því álagi sem nú er á dómstólum landsins, yrði að miklum hluta létt af. Það leiddi aftur til þess að skjótar væri unnt að leysa úr þeim fjölmörgu ágreiningsefnum sem berast munu dómstólunum og hafa þegar borist þeim, í kjölfar hruns íslensks efnahagslífs.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd stjórna DÍ, LMFÍ, LÍ, ÁFÍ.

*Bruna Þiclésson*


*Ingridur Einarsdóttir*


*Tristin Edwald*

*Helgi Magni*

# Dómstólar á Norðurlöndum

Fjöldi starfsmanna á hverja 1000 íbúa:





Umdæmaskipting  
héraðsdómstóla



11/19/2010

Ólafur Ólafsson

# HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P 139/647  
komudagur 2.12.2010

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2010

Vísað er til beiðni, dags 26. nóvember sl., um umsögn Hæstaréttar Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998 (fjölgun dómara), 246. mál.


Það er afstaða Hæstaréttar að til frambúðar eigi að stefna að stofnun millidómstigs, sem fjalli bæði um einkamál og sakamál, og um leið að málum fækki fyrir réttinum þannig að hann fái aðeins til úrlausnar mál, sem hafi fordæmisgildi. Verði þá dómurum við Hæstarétt fækkað að sama skapi. Með því á hinn bóginn að fyrir virðist liggja að ekki sé talið unnt að ráðast í slíkar breytingar nú lýsir Hæstiréttur sig sammála frumvarpinu. Um leið verður þó rétturinn að koma því á framfæri að hann telur þörf á að gera þrjár aðrar breytingar á lögum um dómstóla í tengslum við þá fjölgun dómara, sem ráðgerð er í frumvarpinu. Þær snúa í fyrsta lagi að því að lengja kjörtímabil forseta Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna úr tveimur árum í fimm, í öðru lagi að heimila að fleiri dómara en sjö geti setið í sérlega mikilvægum málum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna, og í þriðja lagi að rétturinn taki sjálfur ákvörðun um hvernig dómurum verði skipað í deildir, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Þá er jafnframt lagt til að breyting verði gerð á gildistökuákvæði frumvarpsins í tengslum fyrsta atriðið af þessum þremur. Tillögur Hæstaréttar um þessar breytingar fylgja hér með.



Ingibjörg Benedíksdóttir,  
forseti Hæstaréttar.

### Breytingar á lögum um dómstóla nr. 15/1998

1. Í stað orðsins „tveggja“ í 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: fimm.
2. 2. málslíður 1. mgr. 7. gr. laganna verður svohljóðandi: Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómara skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þá standa á oddatölu.
3. 2. mgr. 7. gr. laganna verður svohljóðandi: Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu.
4. Við gildistökuákvæði í frumvarpinu bætist eftirfarandi: Ákvæði [? – líður 1. hér að ofan]. gr. kemur þó ekki til framkvæmdar fyrr en forseti Hæstaréttar verður næst kjörinn.



Alþingi  
Erindi nr. P 139/615  
komudagur 2.12.2010

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 277 – 246. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla. Með frumvarpinu á að fjölga héraðsdómurum um fimm og hæstaréttardómurum um þrjá.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp en vill koma eftirfarandi á framfæri.

Í 70. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að allir eigi rétt á að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Það er grundvallarréttur að slík málsmeðferð taki ekki óhóflega langan tíma og því mikilvægt vegna fyrirsjánlegs álags á dómstólana að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að málsmeðferð þeirra dragist ekki úr hófi fram. Mannréttindaskrifstofan styður því að dómurum verði fjölgað við dómstóla landsins til þess að tryggja skjóta málsmeðferð á meðan alda dómsmála í kjölfar bankahrunsins gengur yfir.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 139/11  
komudagur 29.11/492

## Ríkissaksóknari

Reykjavík 26. nóvember 2010.

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 10  
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um dómstóla (fjölgun dómara), 246. mál.

Frumvarpið er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð grein fyrir þörf fyrir tímabundna fjölgun dómara bæði í héraði og í Hæstarétti. Ríkissaksóknari tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem þar koma fram og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

  
Valtýr Sigurðsson  
